

Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags

25. febrúar 2006

Fundurinn var haldinn í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs.

Fundur var settur af formanni félagsins, Kristínu Svavarsdóttur, kl. 14:10. Mættir voru 14 manns. Hún stakk upp á Hreggviði Norðdahl sem fundarstjóra og Gróu Valgerði Ingimundardóttur sem fundarritara, fundurinn samþykkti þá uppástungu samhljóða.

Skýrsla stjórnar

Kristín Svavarsdóttir gerði grein fyrir starfi félagsins á liðnu ári. Örlítill fækkun varð í félaginu á árinu eða um níu féлага.

Erling Ólafsson hefur verið útbreiðslustjóri og haft umsjón með félagatali, hann hefur farið fram á að losna undan því starfi. Hann mun þó vinna fram í apríl en honum finnst all lítið að gera í þessu starfi.

Útgáfa Náttúrufræðingsins er enn tveimur árum á eftir áætlun. Mikið hefur verið lagt upp úr að vinna upp þennan hala og all verið gert til þess að hann lengist ekki.

Félagið fékk nýja heimasíðu á árinu og hafa Kristín og Hilmar Malmquist fyrst og fremst haldið utan um hana hingað til. Síðan hefur fengið góð viðbrögð enda töluvert lagt upp úr henni, t.a.m. má nefna myndirnar eftir Benedikt Gröndal sem birtast í efra, hægra horni síðunnar en þær lifga mjög upp á.

Nú hefur verið uppsveifla í aðsókn á fræðsluerindi HÍN en að meðaltali hefur verið fækkun síðustu ár. Sem dæmi má nefna að hátt í 100 manns sóttu erindin að meðaltali árið 1988 en árið 2003 aðeins um 30 manns. Nú sækja erindin 52 manns að meðaltali.

Fyrir hönd erfingja Stefáns Stefánssonar grasfræðings, gaf Valtýr Stefánsson Stefánssonar, félaginu útgáfuréttinn af Flóru Íslands, ásamt óseldum eintökum af 2. útgáfu hennar. Ákveðið hefur verið að félagið afli upplýsinga um sjóðinn og geri grein fyrir þeim. Sjóðnum er alveg haldið sér á báti.

Haldnir hafa verið fundir með umhverfisráðherra og fleiri áhugasömum um Náttúruminjasafnið.

Orðið var gefið laus um skýrslu stjórnar. Hjörleifur Guttormsson ræddi um beiðnir frá Alþingi og lýsti þeirri skoðun sinni að honum þætti að félagið ætti nú að reyna að sinna þeim eitthvað. Eins nefndi hann ferðir félagsins. Hann var aðili að löngu ferðunum hér áður fyrir en þær voru oft mjög vel sóttar, allt að 100 manns í ferð. Hann velti því upp að gaman gæti verið að athuga dreifingu félagsmanna eftir landshlutum.

Kristín Svavarsdóttir svaraði Hjörleifi. Hún kvaðst vera sammála Hjörleifi varðandi beiðnirnar en tímaleysi hafi valdið því að þeim hafi ekki verið svarað árið 2005. Það er spurning um að fá stærri og breiðari hóp til að svara þessum beiðnum. Varðandi ferðirnar nefndi hún að síðustu ár hafi verið boðið upp á langar ferðir en innan við 10 manns hafi sýnt þeim áhuga. Varðandi félagatalið þá hefur ekki verið gerð greining eftir landshlutum en það gæti verið áhugavert. Greining hefur verið gerð á aldursdreifingu, hún var skökk, mikið af eldri félagsmönnum eru að detta út.

Hilmar Malmquist, ritari félagsins, talaði um að óvenju fáar umsagnir hafi verið gerðar undanfarið m.a. vegna þess að kraftar stjórnarmeðlima hafi mikið farið í heimasíðuna og útgáfumál. Þetta er sjálfboðastarf, það væri mikið að gera hjá stjórninni og því væri rétt að leita meira til félagsmanna.

Reikningar félagsins

Kristinn J. Albertsson, gjaldkeri félagsins, gerði grein fyrir reikningum. Mikið hefur verið lagt upp úr því að minnka birgðir félagsins, ekki síst vegna þess að nú er ekki til staðar

ótakmarkað geymslupláss hjá Náttúrufræðistofnun Íslands eins og hefur verið. Líklegt er að birgðaliður verði mun minni á næsta ári.

Orðið gefið laust um reikninga. Hilmar Malmquist tók til máls, lýsti yfir ánægju sinni með skýra framsetningu reikninga félagsins fyrir síðasta ár en spurðist jafnframt fyrir um kjörin á Stefánssjóðsreikningnum. Kristinn svaraði því til að líklega væri ekki um sérlega góð kjör að ræða á þeim reikningi, það hefði einfaldlega fyrirfarist að kann betur það atriði og það verði gert.

Kristín Svavarsdóttir spurði nánar út í hin ógreiddu félagsgjöld frá árunum 2002 og 2003. Kristinn sagði að hinn tveggja ára útgáfuhali á Náttúrufræðingnum valdi. Margir eru aðallega í félaginu til að fá Náttúrufræðinginn en sjá svo ekki tilganginn í að borga félagsgjöld þegar útgáfan bregst. Þess vegna hafa ekki verið sendir út giróseðlar fyrr en útgáfan hefur gefið tilefni til. Hjörleifur Guttormsson spurði hvort fólk botnaði almennt í þessari aðferðafræði. Kristinn sagði svo ekki vera, þetta þurfi að útskýra en þá hafi fólk sýnt skilning, hann hafi á sínum tíma fengið mikið af fyrirspurnum en nú séu upplýsingar sendar með giróseðlinum og fyrirspurnum stórfækkað. Kristín og Hilmar bæta því við að stefnan sé að tveir seðlar verði sendir út í ár.

Fundarstjóri kom með vangaveltur varðandi útstrikanir og fleira slíkt í tengslum við ógreidd félagsgjöld en bar því næst reikninga undir atkvæði fundarins. Reikningar voru samþykktir einróma.

Nefndarstörf

Arnór Þ. Sigfússon, formaður dýraverndarráðs gerði grein fyrir starfi ráðsins á liðnu ári. Það var fremur lítið um að vera. Hann nefndi þá tillögu að koma dýraverndarmálum undir neyðarnúmerið 112. Eins ræddi hann um kostnað við störf ráðsins, eðlilegt þykir að umhverfisstofnun standi straum af honum. Þeir vildu þó vita all ítarlega um störf og umfjöllunarefni ráðsins í staðinn fyrir að borga kostnaðinn en verið er að finna lendingu í þessu máli og allt bendir til farsæls endis.

Orðið var gefið laust um samantekt Arnórs. Hjörleifur spurði hvort það liggi skriflega fyrir að umhverfisstofnun vilji hafa puttana í málum sem ráðið tekur fyrir og minnst jafnframt örlítið á neyðarnúmerið 112. Arnór svaraði því til að það liggi skriflega fyrir og að umhverfisráðherra hafi fengið afrit. Fundargerðir eru aðgengilegar á netinu. Varðandi neyðarnúmerið og dýraverndarmál almennt þá þarf að hafa þau meira á hreinu. Eignarétturinn flækir þau mál ansi mikið, réttindi dýra þurfa að vera skýr og í fyrirrúmi.

Hlé

Hlé var gert í 15 mínútur og boðið upp á kaffi og sætabrauð.

Kosning stjórnar

Allir stjórnarmeðlimir gáfu kost á sér og voru allir endurkjörnir einum rómi. Stjórnina skipa: Kristín Svavarsdóttir formaður, Droplaug Ólafsdóttir, Esther Ruth Guðmundsdóttir, Helgi Guðmundsson, Helgi Torfason, Hilmar Malmquist og Kristinn J. Albertsson.

Tillögur

Hilmar Malmquist gerði grein fyrir tillögum til álykta. Þær voru þrjár talsins. Fyrsta tillagan fjallaði um fyrirhugað Náttúruminjasafn, önnur tillagan um virkjanaframkvæmdir á Þjórsárverasvæðinu og hin þriðja um rammaáætlun.

Þær athugasemdir fundargesta sem upp komu snerust aðallega um orðalag en síður um innihald. Þeir sem helst komu með athugasemdir voru í eftirfarandi röð: Kristinn Albertsson, Margrét Björnsdóttir og Hjörleifur Guttormsson. Hilmar var sá er sat fyrir svörum en margar tillaganna voru vel þegnar og orðalagi breytt af fundarstjóra í samræmi við óskir fundarins.

Eftir lítilsháttar breytingar á orðalagi var tillaga til álykta um Náttúruminjasafn Íslands samþykkt einróma. Innihald tillögu til álykta um Þjórsárver var samþykkt einróma en orðalagi vísað aftur til stjórnar. Tillaga til álykta um rammaáætlun var samþykkt samhljóða eftir breytingar á orðalagi, einn fundargesti sat hjá.

Á meðan á umræðum um tillögurnar stóð komu upp ýmsar spurningar. Margrét Björnsdóttir spurði hvort til væri fjárhagsáætlun fyrir fyrirhugað náttúruminjasafn, hugmyndir um staðsetningu og rekstrarform. Hilmar svaraði því til að ekki væri til fjárhagsáætlun en að menntamálaráðherra segi vonandi eitthvað gerast á komandi vori. Rekstrargrundvöllur ætti að vera betri en fyrir t.d. tónlistarhús, form á rekstri ætti að vera svipað. Haft væri samstarf við NÍ. Kristín bætti því við að lagalega séð væri sambærilegt við Þjóðminjasafn Íslands og Listasafn Íslands. Varðandi staðsetningu safnsins lýstu bæði Hilmar og Hjörleifur yfir þeirri skoðun sinni að rétt væri að hafa það í Reykjavík, Margrét kvaðst ósammála því. Jóhannes P. Skaftason spurði út í aðgengi 1. áfanga rammaáætlunar. Hilmar sagði hann aðgengilegan á heimasíðu Landverndar. Helgi Torfason benti á notkun orðanna „sýningar- og kennslusafn”, hann er á móti því að kalla þetta því nafni, það sé einfaldlega ekki um það að ræða. Hjörleifur kom með þá ábendingu að betra hefði verið að fundargestir hefðu fengið tillögurnar útprentaðar í hendurnar, erfitt sé að hafa yfirsýn yfir þær af skjánum einum og sér. Margrét spurði út í hver næstu skref stjórnar væru, hvort búið væri að sækja um lóð fyrir náttúruminjasafnið. Kristín svaraði að stjórnin ætli óska eftir því við menntamálaráðherra, þegar eða áður en frumvarpið fer fram, að hún komi á fund með HÍN svo fólk geti kynnt sér málið. Þau þurfi að bíða eftir frumvarpinu og muni svo gera athugasemdir við það. Í Vatnsmýrinni í Reykjavík er búið að ætla fyrir safninu, það er ekki félagsins að sækja um lóð.

Önnur mál

Margrét spyr hvort ástæða sé til þess að senda aðalfundargögn til náttúruverndarnefnda í landinu, það færi þá í fundargerð og til sveitar- og bæjarstjórna. Hilmar benti á að allt sé þetta aðgengilegt á heimasíðu félagsins en að öðrum kosti hafi þetta ekki verið sent sérstaklega til nefndanna. Hjörleifur velti því upp hvort sendar væru fréttatilkynningar um ályktanirnar, Hilmar svaraði því játandi.

Fleiri mál voru ekki rædd.

Kristín Svavarsdóttir sleit fundi kl. 17:12

Fundarritari,
Gróa Valgerður Ingimundardóttir